

Priðji fulltrúaráðsfundar Kelduskóla skólaárið 2013-2014 haldinn miðvikudaginn 5. febrúar í Vík

Priðji fulltrúaráðsfundur Kelduskóla skólaárið 2013-2014 haldinn miðvikudaginn 5. febrúar í Vík. Fundur hófst kl. 20. Alls mættu 20 bekkjarfulltrúar ásamt stjórn foreldrafélagsins. Skólastjóri Árný Inga Pálsdóttir sat fundinn.

Bekkjarkvöld

Formaður ræddi um að nú í febrúar/mars væri gott að bekkjarfulltrúar hvettu þá foreldra sem eru í undirbúningshóp fyrir bekkjarkvöld til að boða til bekkjarkvölds. Rætt um fyrirkomulag bekkjarkvölda. Fundurinn sammála því að það ætti að vera skyldumæting forráðamanna á bekkjarkvöld. Bekkjarkvöldin eru líka fyrir forráðamenn, til að hittast og kynnst. Bekkjarfulltrúar og aðrir foreldrara geta sett inn á Facebook síðu foreldrafélagsins tillögur að viðburðum á bekkjarkvöldi.

Öskudagur 5. mars

Öskudagur er þann 5. mars nk. Tveir úr stjórn, Haraldur og Kristín Lóa munu halda utan um viðburðinn. Senda póst á bekkjarfulltrúa þar sem þeir eru hvattir til að boða þá sem eru í undirbúningsnefnd á fund. Spennandi prógramm, allskyns verur á sveimi á göngunum.

Dagskrá verður í skólanum til hádegis. Skil á skóla og frístund verður kl. 12:20 (þá er matartíma yngstu nemenda lokið og frístund tekur við þeim sem eru skráðir þar). Skólastjóri leggur það til að unglingarnir slái úr tunnunni rétt fyrir kl. 12, þau borða í fyrsta holti, þannig minnka árekstrar við yngri nemendur. Yngri nemendur koma svo upp úr því að þau eru búin í mat, nær 12:30. Þarf að brýna það vel fyrir nemendunum að þau verða að fara varlega með kylfurnar. Nemendur fara inn í bekki eftir mat og eru tekin fram þaðan til að slá í tunnu.

Eftir skóla þá er það þannig að krakkarnir geta farið um hverfið og sníkt nammi þar sem miði er á hurð eða úti í glugga. Hlutverk aðila í undirbúningshóp er að bera út miða og eru þeir sem eru miðafólk stikkfrí á Öskudaginn sjálfan. Í fyrra voru prentuð um 800 stk.

Páskabingó

Ásta og Sigríður H. úr stjórn halda utan um þann viðburð. Sameiginlegur undirbúningsfundur verður boðaður og eiga bekkjarfulltrúar að senda á sitt fólk. Verður sagt betur frá því í tölvupóstum síðar.

Strætósamgöngur í hverfinu og frístundavagn

Formaður, fyrir hönd stjórnar foreldrafélags Kelduskóla sendi þann 20. janúar sl., bréf til Strætó til að mótmæla breytingu á akstursleið 6 sem hamlar nemendum Korpu að komast á æfingar í Egilshöll. Afrit var sent á skólastjóra Kelduskóla, forstöðumann frístundaheimilis Kelduskóla Korpu og Íþróttafélagið Fjölni. Í tölvupósti. Þann 29. janúar sendi formaður ítrekun með ósk um farsæla lausn á málinu. Ekki hefur enn fengist svar við erindinu. Á fundinum kom fram að þetta hefur ekki bara með nemendur í Korpu að gera heldur einnig í Vík. Gagnrýnt á fundinum að ekki var nógu vel staðið að þessari breytingu á akstursleið hjá Strætó, illa kynnt.

Að mati stjórnar er næsta skref að koma þessu máli á framfæri í fjölmiðlum. Bekkjarfulltrúi á fundinum bauðst til að ræða við fréttamann á Fréttablaðinu til að koma málinu á framfæri í fjölmiðlum.

Einnig var rætt um það hvort foreldrafélög grunnskólanna í Grafarvogi gætu ekki tekið sig saman og þrýst á að Frístundavagninn færi aftur að ganga. Formaður sagði að fulltrúar frá stjórnnum foreldrafélaganna hefðu enn ekki hist en ætlar að ganga í það.

Í sumum hverfum þá er það þannig að íþróttafélögin sjálf fá styrki til að reka frístundavagn. T.d. hjá HK og Breiðablik í Kópavogi þá er þetta fjármagnað með auglýsingum en einnig er tekið gjald fyrir akstur hjá þeim sem ætla að nota vagninn. Rætt um að í raun væri eðlilegt að bæði væri hægt að taka strætó og frístundavagn. Þar sem eitt stærsta íþróttahús landins er í Grafarvogi er ekki boðlegt að almenningamsöngur séu ekki að virka.

Önnur mál

SAFT námskeið

Enn hefur ekki fengist svar frá Reykjavíkurborg vegna umsóknar foreldrafélagsins um styrk vegna SAFT námskeiðs. Stjórn foreldrafélagsins hefur áhuga á að bjóða upp á námskeið á hverju ári fyrir nemendur og forráðamenn. Stefnt er að því að panta fræðslunámskeið fyrir nemendur og forráðamenn óháð því hvort svar um styrk komi eða ekki. Þetta yrði gert í samstarfi við skólann þannig að skólinn sjái um það sem snýr að nemendum og foreldrafélagið það sem snýr að foreldrum. Á síðasta skólaráðsfundi kom fram að nemendaráð hefur mikinn áhuga á að haldið verði einhvers konar forvarnarnámskeið. Ánægja var með námskeiðið sl. vetur um kynfræðslu þar sem bæði forráðamenn og nemendur komu á námskeiðið. Nú er stefnt að svipuðu varðandi tölvunotkun.

Sameiginlegur fundur foreldrafélags, nemendaráðs og skólaráðs.

Þann 25. febrúar nk. verður haldinn sameiginlegur fundur foreldrafélags, nemendaráðs og skólaráðs. Umræða fundarins verður um félagsmál, þ.e. nemendaráð hefur áhuga á að koma á framfæri hugmyndum um viðburði sem höfða betur til eldri nemenda. Nemendaráðið hefur mikinn áhuga á að hitta stjórn foreldrafélagsins og skólaráð. Gæti verið gott til að heyra hvað þeim finnst um viðburðina sem í boði eru og fá hugmyndir frá þeim. Ákveðinn var fundardagur sameiginlegs fundar foreldrafélags, nemendaráðs og skólaráðs, þriðjudaginn 25.febrúar kl. 19:30. Umræðuefni fundarins myndi snúast um félagsmál, þ.e. nemendaráð hefur áhuga á að koma á framfæri hugmyndum að viðburðum öþ sem höfða betur til eldri nemenda. Einnig önnur mál sem fólk vill ræða.

Samfoksfundur 30. janúar

Kristín Valsdóttir og Sigríður Kr. Ingvarsdóttir mættu fyrir hönd stjórnar á fund hjá SAMFOK þann 30.janúar sl. Þar var m.a. kynnt námskeið sem haldið verður 13. febrúar nk. þar sem saman koma fulltrúar úr stjórnnum foreldrafélaga og skólaráðum grunnskóla í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Námskeiðið verður haldið í Gufunesbæ. Talað um að fyrir hvern skóla mæti 8-10 manns.

Á fundi SAMFOKS var einnig rætt um að bæta þyrfti almennt samstarf skólaráðsfulltrúa við bekkjarfulltrúa. Í Kelduskóla er þetta ekki vandamál, ekki síst vegna þess að þar er formaður foreldrafélagsins í skólaráði og getur þannig miðlað því sem fram kemur á skólaráðsfundum bæði til stjórnar foreldrafélagsins og á fulltrúaráðsfundum. Skólastjóri kemur einnig inn á fundi stjórnar foreldrafélagsins og fulltrúaráðs. Rætt um að fundur að hausti með foreldrum væri mikilvægur til að koma á framfæri mikilvægi foreldrasamstarfs.

Foreldraröltið

Haraldur sagði að það væri að ganga ágætlega. Væri að rúlla af stað aftur eftir hálkutímabil í janúar og nú í byrjun febrúar.

Skólareglur

Fundargestur tók það upp hvort ekki væru í gildi skólareglur og þá hver á að koma þeim á framfæri við foreldra, t.d. á bekkjarkvöldum þá eiga börnin ekki að hlaupa um, er ekki barnagæsla verður að hvetja foreldra til að gæta sinna barna sjálfir og fara að reglum, t.d. um að börnin eiga ekki að hlaupa um ganga á viðburðum. Skólastjóri nefndi að skólareglur væru á heimasíðu skólans.

Boltagerði/gervigrasvöllur við Kelduskóla Vík

Staðfesting á því að farið verði í að setja niður boltagerði/gervigrasvöll við Kelduskóla Vík. Gert er ráð fyrir því í fjárhagsáætlun borgarinnar árið 2014. Þurfti að samþykkja nýtt deiliskipulag vegna vallarins. Búið að fara í grenndarkynningu. Skólastjóri er að fara að ganga á eftir að þetta verði gert á þessu ári. Fundargestur benti á að það yrði að passa að völlurinn yrði almennilegur og að hann yrði upphitaður t.d. er völlurinn nýi í Vættaskóla nú gaddfreðinn og ónothæfur. Hann er einnig orðinn holóttur. Boltagerðið í Korpu er mjög fínt.

Spurt var um það hvort viljrði væri fyrir fleiri leiktækjum á lóðinni en svo er ekki. Fundargestum bent á að nýta sér síðuna Betri Reykjavík til að ganga eftir því að gert verði meira fyrir lóðirnar, bæði í Vík og Korpu.

Lífshlaupið

Skólastjóri sagði frá því að í dag hefðu nemendur farið í gönguferð vegna Lífshlaupsins. Haldið verður utan um skráningar fyrir Lífshlaupið í hverjum bekk af kennurunum.

Samfoksnámskeið í Gufunesbæ 13. febrúar

Sagt frá því að námskeið yrði þann 13. febrúar og kannað hvort bekkjarfulltrúar hefðu áhuga á að koma á hann. Einn bekkjarfulltrúi bauð sig fram ef ekki tækist að manna námskeiðið með fulltrúum stjórnar og skólaráðs.

Umgengni varðandi skó

Rætt um að það þyrfti að hvetja kennara og foreldra til að fara úr skóm áður en komið er inn úr fatahengi í bæði Korpu og Vík.

Sameiginlegur fundur stjórnar foreldrafélagsins og kennara í vor

Ákveðið hefur verið að halda sameiginlegan fund stjórnar foreldrafélagsins og kennara í vor. Þar væri hægt að taka upp ýmis mál t.d. bekkjarkvöldin og fyrirkomulag þess. Gott að koma á samráðsvettvangi kennara og forráðamanna í gegnum bekkjarfulltrúana.

Fulltrúaráðsfundir

Eins og á fundinum í haust var talað um tvo fulltrúaráðsfundi fyrir jól og tvo eftir jól.

Foreldrakvöld

Bekkarfulltrúar boða sjálfir forráðamenn í bekknum á fund að hausti en hvatt til þess að hittast oftast yfir skólaárið. Aðgangur að skólunum til fundahalds.

Bekkarfulltrúar hvattir til þess að bekkir séu búnir að ákveða það fyrir aðalfund að vori hverjir verða fulltrúar næsta skólaárs.

Fundi slitið kl. 21:20.